

208. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 19. janúar 2006 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Elísabet Lára Björgvinsóttir, ELB
Eypór Benediktsson, EB
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Hilmar Hallvarðsson, HH
Davíð Sveinsson, DS
Guðmundur Kristinsson, GK
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerð bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 402, dags. 12.1.2006.

Fundargerðin er í 14 tölusetnum liðum.

Liður 3 frestað að afgreiða málið. Bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn Hesteigendafélags Stykkishólms. Allir tóku til máls.

Liður 7 samþykkt að afskrifa þing-og sveitarsjóðsgjöld samtals með vöxtum kr. 426.991.

Liður 9 tilnefning í stjórn háskólaþess Snæfellsness, aðalmaður Magnús Ingi Bæringsson.

Til máls tóku: DS, EB og RG

Liður 12 athugasemd

“ Í brefi Guðmundar Páls Ólafssonar frá 18. desember 2005 segir að ég hafi fundað með áhugafólki um framtíð gamla bæjarins í Stykkishólmi ásamt bæjarstjóra. Hið rétta er að bæjarstjórn og bæjarstjóri áttu slíkan fund. Þar var m.a. rætt um framtíð Skipavíkurhússins og hugmyndir hópsins um endurbyggingu þess eins og fram kom í bréfi til bæjarstjórnar frá 5. apríl 2005 (sbr. uppdrátt Steinþórs Sigurðssonar).”

Rúnar Gíslason

Umræður urðu um aðra liði, allir tóku til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 20.12.2005.

Fundargerð framlögð og samþykkt. Til máls tóku: HH og EF

- 2.2. Fundargerð stjórnar Lista- og menningarsjóðs, dags. 8.1.2006.
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 2.1.2006.
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. Fundargerðir vinnuhóps vegna flutnings Amtbókasafns, dags. 27.12.2005, 4.1. og 9.1.2006.
Fundargerðir framlagðar og samþykktar. Allir tóku til máls.

3. Þriggja ára áætlun 2007-2009 fyrir Stykkishólmsbæ og undirfyrirtæki, fyrri umræða.

Samþykkt að vísa þriggja ára áætlun 2007-2009 til síðari umræðu.

Til máls tóku:EF og DS

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20

Þór Örn Jónsson, bæjarritari